

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla

um umsækjendur um skipun í embætti dómara með fyrsta starfsvettvang

við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst var laust til umsóknar í

Lögbirtingablaði 12. janúar 2026.

Reykjavík, 2. mars 2026

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	2
2. Sjóarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	2
3. Um málsmeðferð dómnefndar	5
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur.....	5
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	12
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	12
5.2. Menntun og framhaldsmenntun	13
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður.....	14
5.3. Reynsla af dómstörfum.....	14
5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	15
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	15
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	16
5.5. Reynsla af stjórnarsýslustörfum.....	17
5.5.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	18
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	19
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	19
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	20
5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.....	21
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður	21
5.7. Reynsla af stjórnun	22
5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	23
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	23
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður.....	25
5.9. Sérstök starfshæfni.....	26
6. Færni umsækjenda til að semja dóma.....	26
7. Niðurstaða dómnefndar	28

1. Umsækjendur

Með bréfi 4. febrúar 2026 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um skipun í embætti héraðsdómara sem auglýst var laust til umsóknar 12. janúar 2026 í Lögbirtingablaði.

Eftirtaldir sóttu um embættið: Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir lögmaður, Marta María Friðriksdóttir aðstoðarmaður dómara við Landsrétt, Sindri M. Stephensen dósent og settur héraðsdómari, Sverrir Sigurjónsson lögmaður, Særún María Gunnarsdóttir aðalskrifstofustjóri embættis umboðsmanns Alþingis, Valborg Steingrímsdóttir saksóknarfulltrúi hjá embætti héraðssaksóknara, Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður og Þóra Hallgrímsdóttir lögfræðingur. Sindri M. Stephensen dró umsókn sína til baka.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst voru laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir meðal annars svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður

umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómsnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómsnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómsnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir meðal annars: „Dómsnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvæðni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómsnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómsnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi

skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dórnafnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls skipuðu eftirtalin dómnefndina: Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjendum var sent tölvubréf 6. febrúar 2026 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Fyrsti fundur dómnefndar var 6. febrúar 2026. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi.

Í framangreindri auglýsingu frá 12. janúar 2026 var meðal annars áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembætti upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Í þeim tilvikum sem umsækjendur tilgreindu sömu umsagnaraðila og höfðu veitt dómnefnd umsagnir um þá í fyrri matsferlum voru þær umsagnir lagðar til grundvallar að ósk umsækjendanna. Í öðrum tilvikum var aflað nýrra umsagna.

Dómnefnd bauð öllum umsækjendum að koma til viðtals og átti viðtöl við umsækjendur sem þess óskuðu 16. febrúar 2026.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 19. febrúar 2026, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 25. febrúar sama ár. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá þremur umsækjendum og leiddu athugasemdir þeirra til minni háttar breytinga á fyrirbyggjandi drögum að umsögn.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni umsækjenda og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa

talið þar upp, heldur verður í mati þessu almennt getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt að loknu laganámi, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir er fædd 3. febrúar 1982 og er því 44 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2007 og síðan meistaraprófi árið 2009 frá sama skóla. Árið 2013 útskrifaðist hún með LL.M gráðu í mannréttindum og Evrópurétti frá KU Leuven í Belgíu og lagði stund á doktorsnám við lagadeild Háskólans í Strasbourg í Frakklandi á árunum 2017 til 2021. Þá hefur hún sem lögmaður sótt ýmis námskeið, meðal annars á vegum Lögmannafélags Íslands. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 2010. Að loknu lagaprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi á lögmannsstofu til ársins 2011. Þá tók hún við stöðu yfirlögfræðings á Barnaverndarstofu í afleysingum í eitt ár og í framhaldi af því í afleysingu sem sérfræðingur í útlendingamálum í innanríkisráðuneyti frá 2011 til 2012. Hún átti sæti í kærunefnd greiðsluaðlögunarmála á árunum 2010 til 2014. Umsækjandinn starfaði sem lögmaður með rekstri eigin stofu í skamman tíma á árunum 2014 og 2021 og starfar nú sjálfstætt sem lögmaður. Hún starfaði hjá Samgöngustofu í sex mánuði frá 2013 til 2014 og hóf störf hjá Rauða krossinum sama ár þar sem hún starfaði sem lögfræðingur í málefnum hælisleitenda til ársins 2020. Umsækjandinn var kjörin til setu á Alþingi árið 2021 og gegndi þingmennsku til ársins 2024. Þá starfaði hún sem aðstoðarmaður fulltrúa Alþingis á þingi Evrópuráðsins og formanns laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins samhliða doktorsnámi á árunum 2018 til 2019. Umsækjandinn var gestakennari í flóttamannarétti við Háskólann í Reykjavík frá 2016 til 2021 og hefur verið leiðbeinandi með meistararitgerðum og prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Auk fyrrgreindra kennslustarfa hefur umsækjandinn flutt fræðilega fyrirlestra á ýmsum vettvangi, fyrst og fremst á sviði mannréttinda, mannúðarréttar og flóttamannaréttar, meðal annars á vegum utanríkisráðuneytis og Rauða krossins á Íslandi. Umsækjandinn hefur skrifað þrjár ritrýndar greinar á sviði lögfræði auk þess sem hún hefur birt eina óritrýnda grein. Umsækjandinn er formaður Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi frá 2025 og varaformaður FTA, félags talsmanna umsækjenda um alþjóðlega vernd frá sama

ári. Þá hefur umsækjandinn starfað í kosningum á Íslandi, í sveitastjórnarkosningum árin 2006 og 2014, forsetakosningum árin 2016 og 2020 og í alþingiskosningum árin 2016, 2017 og 2024.

Marta María Friðriksdóttir er fædd 15. maí 1987 og er því 38 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og meistaraprófi árið 2012 frá sama skóla. Hún hefur sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði, bæði hérlandis og erlendis. Umsækjandi hefur öðlast réttindi sem viðurkenndur umboðsmaður (e. *Professional Representative*) fyrir Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO). Á árunum 2011 til 2014 starfaði hún sem ritari hjá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Á tímabilinu 2012 til 2013 starfaði hún einnig hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Á árinu 2014 starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur í verkefnum fyrir sjálfstætt starfandi lögmann án þess að leitað hafi verið staðfestingar lögmannafélagsins skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn. Sama ár hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur hjá Árnason Faktor ehf. og starfaði þar allt til ársins 2021, er hún hóf störf sem aðstoðarmaður við Landsrétt þar sem hún hefur jafnframt verið staðgengill skrifstofustjóra. Umsækjandinn kom að stofnun Listasjóðs Ólafar árið 2008 og hefur setið í stjórn hans frá upphafi, hún hefur verið stjórnarformaður Hallgerðar ehf. og Pólar Hótela ehf. frá árinu 2012, þá hefur hún setið í hverfiskjörstjórn við þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012 og við alþingiskosningar árið 2013.

Sverrir Sigurjónsson er fæddur 6. nóvember 1981 og er því 44 ára. Hann lauk BA-prófi 2013 og meistaraprófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík vorið 2015. Hann öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2017, réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti vorið 2024 og löggildingu til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali í júlí 2018 og sem bifreiðasali árið 2004. Frá 2002 til 2010 starfaði umsækjandi sem bifreiðasali. Hann starfaði á lögmannsstofu og fasteignasölu frá 2014 til 2025, þar af sem lögmaður frá árinu 2017. Frá hausti 2025 hefur umsækjandinn verið sjálfstætt starfandi með rekstri eigin lögmannsstofu og fasteignasölu. Þá hefur hann verið framkvæmdastjóri Kerhesta ehf. frá árinu 2009 og var á árunum 2015 til 2022 framkvæmdastjóri Icelandbus ehf. auk þess að vera formaður hestamannafélags á árunum 2008 til 2013. Hann var varamaður í

sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2006 til 2013 og sat í nefndum á vegum sveitarfélagsins. Umsækjandi var kennari á námskeiði til öflunar löggildingar sem bifreiðasali hjá Iðunni fræðslusetri árið 2018.

Særún María Gunnarsdóttir er fædd 9. september 1978 og er því 47 ára. Hún lauk kandidateitprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2004. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur hjá Persónuvernd og starfaði þar til ársins 2008 þegar hún hóf störf hjá umboðsmanni Alþingis. Þar var hún starfandi skrifstofustjóri frá 2015 til 2016, forstöðumaður fumkvæðisathugana árið 2017 og skrifstofustjóri frá sama ári til ársins 2021. Hún var skrifstofustjóri á sviði kvartana frá 2021 til 2022 og hefur verið aðalskrifstofustjóri hjá embættinu síðan. Hún hefur sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni, meðal annars hjá Lögmannafélagi Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands. Hún hefur ritað tvær ritrýndar fræðigreinar á sviði lögfræði, aðra þeirra ásamt meðhöfund. Auk þess hefur hún ritað þrjár aðrar fræðigreinar. Umsækjandinn hefur flutt nokkur erindi um lögfræðileg málefni bæði hér á landi og erlendis, þar á meðal við Opna Háskólann. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á vorönnum 2005, 2006, 2008, 2010, 2012, 2015, 2016, 2020 og 2021 og haustönn 2012. Hún sinnti auk þess stundakennslu við stjórnmálafræðideild sama háskóla á vorönn 2016. Þá hefur hún verið leiðbeinandi við ritun BA-ritgerða og einnar meistararitgerðar við sama skóla. Á vorönnum 2008 og 2010 var hún stundakennari í málstofu í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík og hafði umsjón með námskeiði í stjórnsýslurétti II á haustönn 2012 við Háskólann á Bifröst. Þá hefur hún kennt námskeið í stjórnsýslurétti á vegum stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála frá árinu 2011, að frátöldum árunum 2017 og 2022. Umsækjandinn sat í ritnefnd afmælisrits Páls Hreinssonar sem kom út árið 2023. Þá kom hún að frumvarpsgerð í samvinnu við forsætisnefnd Alþingis um breytingar á lögum um umboðsmann Alþingis sem varð að lögum nr. 147/2018 og hefur verið til ráðgjafar um löggjöf á málefna sviði umboðsmanns Alþingis og persónuverndar. Á árinu 2012 stýrði hún fræðilegri málstofu á fundi tengslafulltrúa European Network of Ombudsmen (ENO) og sat á árinu 2008 í hópi sem vann drög að útgefnu vinnuskjali fyrir svokallaðan „29. gr. starfshóp“ sem var forveri Evrópska persónuverndarráðsins

(EDPB) og ráðgefandi fyrir stofnanir Evrópusambandsins um persónuverndarmálefni og vann að samræmdri túlkun tilskipunar 95/46/EB.

Valborg Steingrimsdóttir er fædd 6. júní 1982 og er því 43 ára. Hún lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 2006 og meistaraprófi í lögfræði frá sama háskóla í júní 2008. Í maí 2011 lauk hún meistaraprófi í lögum (LL.M) frá Berkeley-háskóla. Hún hefur sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í desember 2015. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur hjá Orkustofnun til ársins 2010. Hún starfaði sem lögfræðingur fyrir stjórnlagaráð um tveggja mánaða skeið árið 2011 og á árunum 2011 til 2018 starfaði hún sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Á árunum 2018 til 2024 starfaði umsækjandinn með hléum hjá Persónuvernd, fyrst í stöðu lögfræðings og verkefnastjóra en frá árinu 2021 sem sviðsstjóri. Jafnframt var hún starfandi staðgengill forstjóra frá 11. ágúst 2023 til 15. september sama ár og aftur frá 25. júní 2024 til 8. júlí sama ár. Hún var í tímabundnu leyfi frá störfum sínum hjá Persónuvernd veturinn 2020 til 2021 og starfaði þá sem aðstoðarmaður dómara við Landsrétt og aftur frá 2022 til 2023 og starfaði þá sem lögfræðingur hjá dómsmálaráðuneyti. Umsækjandinn hefur frá árinu 2024 verið í starfi saksóknarfulltrúa hjá embætti héraðssaksóknara. Hún hefur ritað tvær fræðigreinar, önnur þeirra er ritrýnd á sviði lögfræði en hin þverfagleg sem hún er meðhöfundur að. Einnig hefur hún haldið nokkra fyrirlestra og fræðileg erindi sviði orku- og auðlindamála og persónuverndar. Veturinn 2010 til 2011 var hún stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í þremur námskeiðum á sviði umhverfisréttar, þar ef eitt á sviði auðlindaréttar, en öll hafi þau verið hluti af LL.M. námi háskólans í umhverfis- og auðlindarétti. Haustið 2025 var hún stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst í persónuverndarrétti og upplýsingaöryggi. Þá hafði hún umsjón með námskeiði í persónuverndarrétti og upplýsingaöryggi við Háskólann á Bifröst og kenndi eitt skipti meistaraneðmi í haf- og strandveiðistjórnun við Háskólasetur Vestfjarða og eitt skipti við læknadeild Háskóla Íslands. Hún var ritari í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga árin 2013 til 2017 og ritari í stjórn kammerkórsins Hljómeyki frá 2016 til 2017. Þá var hún fulltrúi Íslands í ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd frá 2018 til 2019 þar sem hún vann að leiðbeiningum um túlkun Evrópuráðssamnings 108 meðal annars um sjálfvirka

vinnslu persónuupplýsinga og gervigreind. Þá sat hún í nefnd sem stóð að samvinnu ríkisstofnana vegna eftirlits með framkvæmd kolvetnislaga og sat sem varamaður í Netöryggisráði og tók sæti á tveimur fundum ráðsins. Einnig sat hún sem starfsmaður Persónuverndar í sérfræðingahópi Evrópska persónuverndarráðsins sem fjallar um eftirfylgni, rafræna stjórnsýslu og heilbrigði.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir er fædd 30. janúar 1967 og er því 59 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1993. Umsækjandinn útskrifaðist með diplómu í þjóðarrétti árið 1995 frá Háskólanum í Helsinki í Finnlandi og diplómu í viðskipta- og rekstrarfræði árið 2000 frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Hún hóf meistaranám á sviði mannréttinda við Global Campus of Human Rights and Democracy í Feneyjum haustið 2024. Í febrúar 2025 hófst rannsóknarhluti námsins í Háskólanum í Nottingham. Umsækjandinn öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1994 og réttindi til þess að flytja mál fyrir Hæstarétti árið 2002. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í endurmenntun um lögfræðileg efni, meðal annars hjá háskólum og félagasamtökum hérlandis og erlendis. Að loknu laganámi árið 1993 starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá Ábyrgðasjóði launa til ársins 1994 og árin 1994 til 1996 sem lögfræðingur hjá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis. Vorið 1996 hóf hún rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu í félagi við annan lögmann sem stóð til vorsins 2001 þegar hún stofnaði lögmannsstofu þar sem hún starfar nú og hefur rekið ein frá þeim tíma. Umsækjandinn sinnti stundakennslu í eignarrétti, kröfurétti og almennri lögfræði við Háskólann á Bifröst árin 2007 til 2023 og stundakennslu í kröfurétti við Háskólann á Akureyri 2024 til 2025. Auk þessa hefur hún sinnt kennslu og flutt fyrirlestra um lögfræðileg málefni, meðal annars hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og á vegum Mannréttindastofnunar og Próunarsjóðs EFTA. Umsækjandinn hefur tvisvar verið oddamaður í gerðardómi. Hún sat í kærunefnd útlendingamála frá júní 2016 til desember 2024 og var formaður úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur frá 2011 til 2019. Þá sat hún í nefnd um eftirlit með störfum lögreglunnar árin 2017 til 2025 og hefur sinnt hlutverki varamanns frá því í febrúar á þessu ári. Umsækjandinn var formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar á árunum 2001 til 2022 ásamt því að vera nefndarmaður í húsnaðisnefnd, félagsmálanefnd og fjölskyldunefnd sveitarfélagsins

frá 1994 til 2022. Hún hefur setið í nefndum á vegum ríkisins og gegnt trúnaðarstörfum í stjórnnum ýmissa stofnana og félagasamtaka bæði innanlands og erlendis. Meðal annars sat hún í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja frá 2011 til 2015, þar af sem formaður frá 2013. Þá var umsækjandinn stjórnarmaður og formaður Kvenréttindafélags Íslands árin 2000 til 2009, formaður Úrskurðarnefndar um sanngirnismætur 2011 til 2019, stjórnarmaður í Bjarkarhlíð 2017 til 2019 og formaður stjórnar 2019 til 2023, stjórnarmaður í Bjarmahlíð 2018 til 2024 og stjórnarmaður í stjórn Lífeyrissjóðs bænda frá árinu 2025.

Þóra Hallgrímsdóttir er fædd 12. apríl 1974 og er því 51 árs. Hún lauk kandidatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og hefur sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2002. Að loknu kandidatsprófi starfaði hún sem lögfræðingur og síðar sem lögmaður hjá Tryggingamiðstöðinni hf. (nú TM tryggingar hf.). Þar starfaði hún til ársins 2005 þegar hún hóf störf hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. þar sem hún var framkvæmdastjóri tjónasviðs árin 2006 til 2007 og aðallögfræðingur frá 2007 til 2011. Árin 2007 til 2011 sinnti hún stundakennslu við Háskólann í Reykjavík ásamt því að hafa umsjón með námskeiðum á vegum Opna háskólans. Umsækjandinn var í fullu starfi við lagadeild Háskólans í Reykjavík sem sérfræðingur og háskólakennari frá 2011 til 2025 þar sem hún sinnti kennslu aðallega á sviði fjármunaréttar ásamt því að koma að kennslu námskeiða sem tengjast einkamálaréttarfari. Hún hefur leiðbeint fjölda nemenda við samningu lokaritgerða í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og einum við Háskóla Íslands. Þá hefur hún flutt fræðilega fyrirlestra um ýmis efni váttrygginga- og skaðabótaréttar. Á árunum 2023 til 2025 tók umsækjandinn tvisvar sæti í samningsbundnum gerðardómi. Af öðrum störfum sem hún hefur sinnt meðfram aðalstörfum má nefna að hún var stjórnarmaður og síðar stjórnarformaður Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi sf. frá 2007 til 2011, sat fimm ár í stjórn Arion banka 2013 til 2018 og í undirnefndum stjórnar, þar á meðal í starfskjaranefnd frá 2015 til 2018 og var um skeið formaður hennar, í áhættu- og endurskoðunarnefnd frá 2014 til 2016 og endurskoðunarnefnd frá 2016 til 2018. Hún var stjórnarmaður og jafnframt varaformaður stjórnar Bankasýslunnar frá 2023 til 2024, formaður úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna frá 2013 til 2020, stjórnarmaður í VIRK endurhæfingarsjóði

frá 2008 til 2019, stjórnarmaður og síðar varaformaður Lögfræðingafélags Íslands frá 2013 til 2024, framkvæmdastjóri Tímarits lögfræðinga frá 2013 til 2018, formaður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum frá 2013 til 2024, formaður nefndar um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar frá 2017 til 2025 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkur suður frá 2013 til 2018. Þá var umsækjandinn nefndarmaður í sérstakri nefnd viðskiptaráðherra sem var falið að semja frumvarp til innleiðingar tilskipunar 2005/68/EBE um endurtryggingar og heildarendurskoðun laga um váttryggingastarfsemi árin 2007 til 2008 og árin 2001 til 2008 nefndarmaður í Tjónanefnd váttryggingafélaganna. Hún var einnig ad-hoc skipuð í eitt skipti til að sitja í kjörnefnd vegna meðferðar eins máls, í nefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara vegna meðferðar eins máls og í nefnd um dómarastörf við meðferð eins máls.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016 er í sjö töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti héraðsdómara þurfa að uppfylla til að skipa megí þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulið, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölulið, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölulið og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn

og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um dómaraembættin að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2. Menntun og framhaldsmenntun

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2007 og meistaraprófi árið 2009 frá sama skóla. Þá lauk hún L.L.M gráðu frá háskólanum í Leuven í Belgíu 2013 og lagði stund á doktorsnám við lagadeild Háskólans í Strasbourg í Frakklandi frá 2017 til 2021 þar til hún tók sæti á Alþingi. Gerði hún þá hlé á doktorsnámi sínu og er því ólokið. Þá hefur hún sem lögmaður sótt ýmis námskeið, meðal annars á vegum Lögmannafélags Íslands.

Marta María Friðriksdóttir lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og meistaraprófi árið 2012 frá sama skóla. Þá hefur hún hefur sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði, bæði hérlandis og erlendis.

Sverrir Sigurjónsson lauk BA-prófi 2013 og meistaraprófi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík vorið 2015. Þá lauk hann námi til löggildingar fasteigna- og skipasala árið 2018 og bifreiðasala 2004.

Særún María Gunnarsdóttir lauk kandidateisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2004 og hefur sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni, meðal annars hjá Lögmannafélagi Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands.

Valborg Steingrímsdóttir lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands 2006 og meistaraprófi frá sama skóla í júní 2008. Í maí 2011 lauk hún meistaraprófi í lögum

(LL.M) frá Berkeley-háskóla í Kaliforníu. Þá hefur hún sótt fjölmörg námskeið á sviði lögfræði, meðal annars hjá dómstólasýslu og dómstólaráði en einnig Endurmenntun Háskóla Íslands og fleiri aðilum.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993 og útskrifaðist með diplóma í þjóðarrétti árið 1995 frá Háskólanum í Helsinki og diplómu í viðskipta- og rekstrarfræði árið 2000 frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Þá lagði hún stund á meistaranám á sviði mannréttinda við Global Campus of Human Rights and Democracy í Feneyjum frá hausti 2024 en því námi er ólokið.

Þóra Hallgrímsdóttir lauk kandidateisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og hefur sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði.

5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Arndís Anna* standi fremst umsækjenda í þessum matsþætti en hún hefur lokið viðbótarmeistaragráðu í lögfræði frá erlendum háskóla að loknu meistaraþrófi í lögum frá Háskóla Íslands og stundað annað nám að því loknu. Mjög skammt þar á eftir kemur *Valborg* sem einnig hefur lokið viðbótarmeistaragráðu í lögfræði frá erlendum háskóla að loknu meistaraþrófi í lögum frá Háskóla Íslands. Á eftir henni kemur *Þorbjörg Inga* sem hefur einnig lagt stund á frekara nám á sviði lögfræði að loknu embættisprófi í lögum en hún hefur lokið diplómanámi og stundað meistaranám á sviði mannréttinda. Ekki verður gert upp á milli annarra umsækjenda í þessum matsþætti. Sverrir hefur lokið námi til löggildingar fasteigna- og skipasala og aðrir umsækjendur hafa setið ýmis stutt lögfræðinámskeið að loknu fullnaðarnámi í lögfræði.

5.3. Reynsla af dómstörfum

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir hefur ekki reynslu störfum í þessum matsþætti.

Marta María Friðriksdóttir hefur starfað sem aðstoðarmaður dómara við Landsrétt frá árinu 2021.

Sverrir Sigurjónsson hefur ekki reynslu störfum í þessum matsþætti.

Særún María Gunnarsdóttir hefur ekki reynslu störfum í þessum matsþætti.

Valborg Steingrímsdóttir hefur verið aðstoðarmaður dómara í yfir sex ár í Héraðsdómi Reykjavíkur og í tæpt ár við Landsrétt.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur tvisvar tekið sæti sem oddamaður í gerðardómi.

Þóra Hallgrímsdóttir hefur tvisvar tekið sæti í samningsbundnum gerðardómi.

5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa fimm umsækjenda reynslu af störfum sem falla undir þennan matsþátt. Stendur *Valborg* fremst í þessum matsþætti en hún hefur verið aðstoðarmaður dómara í héraðsdómi og við Landsrétt í samtals sjö ár, þá *Marta María* sem hefur starfað sem aðstoðarmaður dómara í Landsrétti fjögur ár. Loks *Þorbjörg Inga* og *Þóra* sem hafa reynslu af gerðardómstörfum.

5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 2010. Hún hóf störf sem fulltrúi á lögmannsstofu að loknu laganámi 2009 og starfaði þar til ársins 2011. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður til skamms tíma árin 2014 og 2021 og frá seinni hluta árs 2024.

Marta María Friðriksdóttir hefur greint frá því að hún hafi um skamma hríð unnið sem lögfræðingur í verkefnum fyrir sjálfstætt starfandi lögmann án þess að leitað hafi verið staðfestingar lögmannafélagsins skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn.

Sverrir Sigurjónsson öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2017 og réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti vorið 2024. Hann starfaði á lögmannsstofu og fasteignasölu frá árinu 2014 til haustsins 2025 en hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður með rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu frá þeim tíma. Hann hefur flutt bæði einkamál og sakamál.

Særún María Gunnarsdóttir hefur ekki greint frá reynslu af störfum í þessum matsþætti.

Valborg Steingrimsdóttir öðlaðist málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2015 og hefur starfað sem saksóknarfulltrúi hjá embætti Héraðssaksóknara frá nóvember 2024 og þar sem hún hefur meðal annars flutt tíu mál fyrir héraðsdómi.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir öðlaðist málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 1994 og Hæstarétti árið 2002. Hún hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður með eigin rekstur í tæpa þrjá áratugi. Hún hefur fengist við fjölþætt málflutningsstörf og flutt fjölda mála á öllum dómstigum bæði einkamál og sakamál.

Þóra Hallgrímsdóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2002 og var lögmaður í starfi hjá Tryggingamiðstöðinni hf. til 2005 og hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. árin 2005 til 2011 án þess þó að flytja mál fyrir dómi.

5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Fimm umsækjendur hafa fengist við lögmanns- og málflutningsstörf en í mislangan tíma. Þá hefur einn umsækjandi ekki aflað sér málflutningsréttinda en unnið í verkefnum fyrir sjálfstætt starfandi lögmann án þess að leitað hafi verið staðfestingar lögmannafélagsins skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt. Við mat á umsækjendum í þessum matsþætti er litið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmennt, þar á meðal hvort þeir hafi haft réttindi til flutnings mála fyrir æðri dómi. Einnig er horft til þess hvort umsækjendur hafi unnið sjálfstætt að lögmannsstörfum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt, hvort þeir hafi gert það samhliða öðrum störfum, hversu mörg mál þeir hafa flutt og hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum eða einungis á afmörkuðum sviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmennt, hafi verið yfirgripsmikil eða flókin úrlausnar. Reynsla af störfum umsækjenda á lögmannsstofum án þess að þeir hafi haft lögmannsréttindi vegur tiltölulega lítið í þessum þætti mats. Loks er höfð hliðsjón af því við mat á málflutningsreynslu umsækjenda hvort störfin, sem um er að ræða, feli

jafnframt í sér stjórnsýslureynslu sem fellur undir kafla en einn umsækjenda starfar sem ákærandi 5.5.

Samkvæmt framansögðu stendur *Þorbjörg Inga* öðrum umsækjendum mun frammar í þessum matsþætti en hún hefur starfað sem sjálfstætt starfandi lögmaður í um þrjá áratugi. Á eftir henni kemur *Sverrir* sem hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður í um níu ár og hefur öðlast réttindi til að flytja mál fyrir Landsrétti. Næst kemur *Þóra* og þar á eftir *Arndís Anna*. Þá *Valborg* og loks *Marta María*.

5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir var staðgengill yfirlögfræðings á Barnaverndarstofu í eitt ár 2011. Í framhaldi af því starfaði hún sem sérfræðingur í útlendingamálum í innanríkisráðuneyti frá 2011 til 2012 og starfaði hjá Samgöngustofu í sex mánuði á árunum 2013 til 2014. Þá átti hún sæti í kærunefnd greiðsluaðlögunarmála árin 2010 til 2014.

Marta María Friðriksdóttir starfaði sem ritari í hlutastarfi hjá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki á árunum 2012 til 2014. Þá starfaði hún á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar frá 2012 til 2013.

Sverrir Sigurjónsson var varamaður í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2006 til 2013 og sat í nefndum á vegum sveitarfélagsins.

Særún María Gunnarsdóttir starfaði árin 2004 til 2008 sem lögfræðingur hjá Persónuvernd og frá því ári til dagsins í dag hefur hún starfað hjá embætti umboðsmanns Alþingis.

Valborg Steingrímsdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Orkustofnun frá 2008 til 2010. Hún starfaði hjá Persónuvernd með hléum á árunum 2018 til 2024, fyrst í stöðu lögfræðings og verkefnastjóra en frá árinu 2021 sem sviðsstjóri þar sem hún fór meðal annars með úrlausn kvartana, frumkvæðisathuganir og úttektir stofnunarinnar. Hún var í tímabundnu leyfi frá störfum sínum hjá Persónuvernd veturinn 2020 til 2021 og aftur frá 2022 til 2023 og starfaði þá sem lögfræðingur hjá dómsmálaráðuneyti þar sem hún ritaði meðal annars drög tveggja frumvarpa og

reglugerðar um fjárhagsmálefni og lánstraust. Umsækjandinn hefur frá árinu 2024 verið í starfi saksóknarfulltrúa hjá embætti héraðssaksóknara og hefur hluti þeirrar reynslu verið metin til lögmanns- og málflutningsstarfa.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Ábyrgðasjóði launa frá 1993 til 1994 og hjá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins frá 1994 til 1996. Hún sat í kærunefnd útlendingamála frá júní 2016 til desember 2024 og var formaður úrskurðarnefndar um sanngirnibætur frá 2011 til 2019. Þá sat hún í nefnd um eftirlit með störfum lögreglunnar frá 2017 til 2025 og hefur sinnt hlutverki varamanns frá því í febrúar á þessu ári. Umsækjandinn var formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar frá 2001 til 2022 ásamt því að vera nefndarmaður í húsnæðisnefnd, félagsmálanefnd og fjölskyldunefnd sveitarfélagsins frá 1994 til 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir var formaður úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna frá 2013 til 2020, varaformaður stjórnar Bankasýslu ríkisins frá 2023 til 2024, formaður nefndar um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar frá 2017 til 2025 og hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd náttúruhamfaratrygginga og tekið þátt í afgreiðslu eins máls. Hún sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkur suður frá 2013 til 2018, er varamaður í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar frá árinu 2013 og tók sæti á tveimur fundum hennar. Þegar hún starfaði við lagadeild Háskólans í Reykjavík sat hún í námsráði deildarinnar, námsráði háskólans í heild og í jafnréttisnefnd skólans og hefur að nokkru leyti þurft að gæta að reglum stjórnsýsluréttar við þau störf þrátt fyrir að um sé að ræða sjálfseignarstofnun. Þá hefur hún verið ad-hoc skipuð í eitt skipti til að sitja í kjörnefnd vegna meðferðar eins máls, í nefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara vegna meðferðar eins máls og í nefnd um dómarastörf við meðferð eins máls.

5.5.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum. Þegar þau viðfangsefni, sem hér um ræðir hafa verið innt af hendi samhliða aðalstarfi vega þau ekki eins þungt þegar hæfni á þessu sviði er metin. Við það mat skiptir ennfremur máli hvort störfin nýtast dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í

úrskurðarnefndum eða vinna fyrir þær. Eins og endranær verður litið til framan- greindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Særún María stendur öðrum umsækjendum mun framar í þessum matshluta en hún hefur haft störf sem falla hér undir að aðalstarfi í um 22 ár og þar af síðastliðin 18 ár hjá umboðsmanni Alþingis sem hefur meðal annars falist í úrlausn kvartana á hendur stjórnvöldum og frumkvæðisathugunum. Þar á eftir kemur *Valborg* sem hefur haft störf sem falla undir þennan matsþátt að aðalstarfi í tíu ár. Næst koma jafnsettar *Þorbjörg Inga* og *Þóra*. Skammt þar á eftir kemur *Arndís Anna* sem hafði stjórnsýslustörf að aðalstarfi í um tvö og hálft ár og hefur reynslu af setu í úrskurðarnefnd, svo *Marta María*. Loks *Sverrir*.

5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir var gestakennari í flóttamannarétti við Háskólann í Reykjavík árin 2016 til 2021. Einnig hefur hún verið leiðbeinandi með meistararitgerðum og prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Marta María Friðriksdóttir hefur ekki greint frá reynslu sem fellur undir þennan matsþátt.

Sverrir Sigurjónsson kenndi í eitt skipti á námskeiði til öflunar löggildingar sem bifreiðasali hjá Íðunni fræðslusetri.

Særún María Gunnarsdóttir hefur kennt við lagadeild Háskóla Íslands frá 2005 til 2021 og sinnti stundakennslu við stjórn málafræðideild sama skóla á vorönn 2016. Auk þess hefur hún verið leiðbeinandi við samningu BA-ritgerða og einnar meistararitgerðar við sama skóla. Árin 2008 og 2010 var hún stundakennari í málstofu í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík og hafði umsjón með námskeiði í stjórnsýslurétti II á haustönn 2012 við Háskólann á Bifröst. Þá hefur hún kennt

námskeið í stjórnsýslurétti á vegum stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála frá árinu 2011, að frátöldum árunum 2017 og 2022.

Valborg Steingrimsdóttir var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands veturinn 2010 til 2011 í þremur námskeiðum á sviði umhverfisréttar, þar ef eitt á sviði auðlindaréttar, en öll hafi þau verið hluti af LL.M. námi háskólans í umhverfis- og auðlindarétti. Haustið 2025 var hún stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst í persónuverndarrétti og upplýsingaöryggi. Þá hafði hún umsjón með námskeiði í persónuverndarrétti og upplýsingaöryggi við Háskólann á Bifröst og kenndi eitt skipti meistaranemum í haf- og strandveiðistjórnun við Háskólasetur Vestfjarða og eitt skipti við læknadeild Háskóla Íslands.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir sinnti stundakennslu í eignarétti, kröfurétti og almennri lögfræði við Háskólann á Bifröst árin 2007 til 2023 og í kröfurétti við Háskólann á Akureyri 2024 til 2025. Auk þessa hefur hún annast kennslu í lögfræðigreinum við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Viðskiptaháskóla VTN.

Þóra Hallgrímsdóttir var í fullu starfi við lagadeild Háskólans í Reykjavík sem háskólakennari í starfi sérfræðings frá 2011 til 2025 þar sem hún sinnti aðallega kennslu á sviði fjármunaréttar ásamt því að koma að kennslu námskeiða sem tengjast einkamálaréttarfari. Þá hefur hún leiðbeint fjölda nemenda við samningu lokaritgerða í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og einum við Háskóla Íslands. Þá sinnti hún stundakennslu við Háskólann í Reykjavík á árunum 2007 til 2011 ásamt því að hafa haft umsjón með námskeiðum á vegum Opna háskólans.

5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur *Þóra* fremst en hún hefur haft kennslustörf að aðalstarfi í tæp 14 ár og auk þess sinnt kennslu í hlutastarfi í þrjú ár. Næst kemur *Særuín María* sem hefur sinnt kennslu í aukastarfi í um 21 ár, aðallega við Háskóla Íslands en einnig Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík, sem og við Opna Háskólann. Þar á eftir kemur *Þorbjörg Inga* sem hefur sinnt kennslustörfum í hlutastarfi á háskólastigi í um 17 ár. Þá kemur *Valborg*, svo *Arndís Anna* og loks *Sverrir*.

5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir hefur skrifað þrjár ritrýndar greinar á sviði lögfræði og flutt fræðilega fyrirlestra, einkum á sviði mannréttinda, mannúðarréttar og flóttamannaréttar. Þá hefur hún skrifað eina óritrýnda grein.

Særún María Gunnarsdóttir hefur ritað tvær ritrýndar fræðigreinar á sviði lögfræði, aðra þeirra ásamt meðhöfundum. Auk þess hefur hún ritað þrjár aðrar fræðigreinar. Hún sat í ritnefnd afmælisrits Páls Hreinssonar sem kom út árið 2023 og hefur flutt nokkur erindi um lögfræðileg málefni bæði hér á landi og erlendis, meðal annars við Opna háskólann.

Valborg Steingrimsdóttir hefur ritað tvær fræðigreinar, önnur þeirra er ritrýnd á sviði lögfræði en hin þverfagleg sem hún er meðhöfundur að. Einnig hefur hún haldið nokkra fyrirlestra og fræðileg erindi um lögfræðileg efni.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur flutt ýmsa fyrirlestra um lögfræðileg málefni á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands, Próunarsjóðs EFTA og hjá Reykjavíkurborg.

Þóra Hallgrímsdóttir hefur flutt fræðilega fyrirlestra um ýmis efni váttrygginga- og skaðabótaréttar.

Marta María Friðriksdóttir og *Sverrir Sigurjónsson* tilgreina ekki í umsóknum sínum framlög sem heyra hér undir.

5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra, birtingarvettvangs og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Að þessu virtu standa fremstar *Arndís Anna* og *Særún María* jafnsettar, svo *Valborg*. Þá *Þorbjörg Inga* og *Þóra* jafnsettar.

5.7. Reynsla af stjórnun

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir var teymisstjóri þegar hún starfaði hjá Rauða krossi Íslands, var staðgengill yfirlögfræðings Barnaverndarstofu, er formaður Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi frá 2025 og hefur rekið eigin lögmannsstofu.

Marta María Friðriksdóttir hefur verið stjórnarformaður Hallgerðar ehf. og Pólar Hótela ehf. frá árinu 2012.

Sverrir Sigurjónsson hefur verið framkvæmdastjóri Kerhesta ehf. frá árinu 2009 og var á árunum 2015 til 2022 framkvæmdastjóri Icelandbus ehf. og hefur rekið eigin lögmannsstofu og fasteignasölu frá árinu 2025.

Særún María Gunnarsdóttir hefur verið skrifstofustjóri hjá embætti umboðsmanns Alþingis frá árinu 2015, þar af sem aðalskrifstofustjóri embættisins frá 2022.

Valborg Steingrimsdóttir var sviðstjóri hjá Persónuvernd í tvö og hálf ár samtals og var jafnframt starfandi staðgengill forstjóra frá 11. ágúst 2023 til 15. september sama ár og aftur frá 25. júní 2024 til 8. júlí sama ár.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur rekið eigin lögmannsstofu frá árinu 1996 og sat í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja 2011 til 2015, þar af sem formaður frá 2013. Hún var jafnframt formaður Úrskurðarnefndar um sanngirnismætur 2011 til 2019, formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar 2002 til 2020 og varaformaður félags- og barnaverndarnefndar sveitarfélagsins 2002 til 2022. Hún var framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar 1996 til 2024, stjórnarformaður Bjarkarhlíðar í Reykjavík 2019 til 2023 og stjórnarmaður í Bjarmahlíð á Akureyri 2018 til 2024. Þá sat hún í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1999 til 2009, lengst af sem formaður félagsins, eða frá 2000 og í stjórn International Alliance of Women.

Þóra Hallgrímsdóttir var stjórnarformaður Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi sf. frá 2007 til 2011, framkvæmdastjóri tjónasviðs hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. árin 2006 til 2007, formaður starfskjaranefndar Arion banka hf. um skeið, varaformaður Lögfræðingafélags Íslands frá 2013 til 2024, framkvæmdastjóri Tímarits lögfræðinga frá 2013 til 2018, varaformaður stjórnar Bankasýslu ríkisins frá 2023 til 2024, formaður úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna frá 2013 til 2020,

formaður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum frá 2013 til 2024 og formaður nefndar um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar frá 2017 til 2025.

5.7.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf héraðsdómara. Þá skiptir sömuleiðis máli hve lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum.

Samkvæmt framansögðu stendur Þóra fremst umsækjenda. Mjög skammt þar á eftir kemur Særún María, svo Þorbjörg Inga, þá Arndís Anna. Loks Valborg, Marta María og Sverrir jafnsett.

5.8. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Hér á eftir verða rakin önnur helstu störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í dómaraembætti að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7. Einungis verða tekin til mats þau framlög sem umsækjendur hafa vísað til í umsóknum sínum eða eftir atvikum látið fylgja þeim.

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Rauða krossinum árin 2014 til 2020 og sá þá um réttindagæslu umsækjenda um alþjóðlega vernd. Hún var alþingismaður árin 2021 til 2024 og tók þátt í alþjóðastarfi í tengslum við setu á Alþingi. Samhliða doktorsnámi sínu starfaði hún sem aðstoðarmaður fulltrúa Alþingis á þingi Evrópuráðsins og formanns laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins frá 2018 til 2019. Þá hefur hún starfað við framkvæmd kosninga á Íslandi, í sveitastjórnarkosningum 2006 og 2014, forsetakosningum 2016 og 2020 og í alþingiskosningum 2016, 2017 og 2024. Árið 2023 fór hún til Úsbekistan á vegum utanríkisráðuneytisins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu til að sinna kosningaeftirliti með forsetakosningum þar í

landi. Þá hefur umsækjandinn verið varaformaður FTA, félags talsmanna umsækjenda um alþjóðlega vernd, frá 2025.

Marta María Friðriksdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Árnason Faktor ehf. frá 2014 til 2021 og veitti þar ráðgjöf til viðskiptavina og fór með mál á sviði einkaleyfa-, vörumerkja- og hugverkaréttar fyrir íslenskum og erlendum stjórnvöldum auk þess að eiga aðkomu að málarekstri fyrir innlendum dómstólum í samstarfi við lögmann, meðal annars með ritun draga að málflutningsskjölum og þátttöku í samningaviðræðum og samningagerð. Hún kom að stofnun Listasjóðs Ólafar árið 2008 og hefur setið í stjórn hans frá upphafi. Þá hefur hún setið í hverfiskjörstjórn við þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012 og við alþingiskosningar árið 2013. Þá hafði hún frumkvæði að smíði heimasíðu þar sem komið var á kerfisbundinni tengingu milli dómsúrlausna Landsréttar og Hæstaréttar.

Sverrir Sigurjónsson hefur starfað sem löggiltur fasteigna- og skipasali frá hausti 2025 og hefur verið dómkvaddur matsmaður í einu máli.

Særún María Gunnarsdóttir kom að frumvarpsgerð í samvinnu við forsætisnefnd Alþingis um breytingar á lögum um umboðsmann Alþingis sem varð að lögum nr. 147/2018 og hefur verið til ráðgjafar um löggjöf á málefnasviði umboðsmanns Alþingis og persónuverndar. Á árinu 2012 stýrði hún fræðilegri málstofu á fundi tengslafulltrúa European Network of Ombudsmen (ENO) og sat á árinu 2008 í hópi sem vann drög að útgefnu vinnuskjali fyrir svokallaðan „29. gr. starfshóp“ sem var forveri Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) og ráðgefandi fyrir stofnanir Evrópusambandsins um persónuverndarmálefni og vann að samræmdri túlkun tilskipunar 95/46/EB.

Valborg Steingrimsdóttir starfaði fyrir stjórnlagaráð í tvo mánuði árið 2011, var ritari í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga árin 2013 til 2017 og ritari í stjórn kammerkórsins Hljómeyki frá 2016 til 2017. Þá var hún fulltrúi Íslands í ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd frá 2018 til 2019 og sat einnig sem starfsmaður Persónuverndar í sérfræðingahópi Evrópska persónuverndarráðsins sem fjallar um eftirfylgni, rafræna stjórnsýslu og heilbrigði. Þá sat hún í nefnd sem stóð að samvinnu ríkisstofnana vegna eftirlits með framkvæmd kolvetnislaga og verið varamaður í Netöryggisráði og tók sæti á tveimur fundum ráðsins.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur frá árinu 1993 verið sjálfboðaliði í Kvennaráðgjöfinni sem veitir ókeypis félags- og lögfræðiráðgjöf fyrir konur. Hún var einnig lögfræðiráðgjafi og verkefnastjóri hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands 2010 til 2024. Þá hefur hún tekið þátt í ýmsu nefndarstarfi og sat meðal annars í jafnréttisráði Íslands 2001 til 2009.

Þóra Hallgrímsdóttir sat í stjórn Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi sf. frá 2007 til 2011, var lögfræðingur hjá Sjóvá-Almennum tryggingum frá 2005 til 2011, þar af sem aðallögfræðingur frá árinu 2007, nefndarmaður í Tjónanefnd váttryggingafélaganna árin 2001 til 2008, sat í stjórn VIRK endurhæfingarsjóðs frá 2008 til 2019, í stjórn Arion banka frá 2013 til 2018 og í undirnefndum stjórnar, meðal annars í áhættu- og endurskoðunarnefnd frá 2014 til 2016 og endurskoðunarnefnd 2016 til 2018. Hún var formaður í úrskurðarnefnd váttryggingamála frá 2013 til 2024. Einnig sat hún í sérstakri nefnd viðskiptaráðherra sem var falið að semja frumvarp til innleiðingar tilskipunar 2005/68/EBE um endurtryggingar og heildarendurskoðun laga um váttryggingastarfsemi árin 2007 til 2008. Þá hefur hún verið dómkvödd sem sérfróður matsmaður í nokkrum málum. Einnig hefur hún setið sem stjórnarmaður í nokkrum félögum.

5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem stjórnarsýslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni þeirra til að gegna embætti héraðsdómara. Ef um er að ræða aðalstarf umsækjanda vegur það eðli máls samkvæmt þyngra en aukastörf sem innt eru af hendi samhliða öðrum störfum svo sem aðkoma starfsmanna ráðuneyta að gerð lagafrumvarpa.

Sé litið til starfa umsækjenda sem falla hér undir stendur *Arndís Anna* fremst í þessum þætti hæfnismats. Næst koma jafnsettar *Marta María*, sem hefur haft störf sem falla undir þennan matsþátt að aðalstarfi í sjö ár, þá *Þóra*, svo *Þorbjörg Inga*. Þar næst kemur *Særún*, svo *Valborg*. Loks *Sverrir*.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir m.a. að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

Hvað þennan þátt mats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum héraðsdómara, en þó er til þess að líta *Særún María* hefur minni reynslu á þessu sviði en aðrir umsækjendur.

Með tilliti til þeirra starfa, sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum, lítur dómnefnd einnig svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjenda hvað þennan matsþátt varðar.

6. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er meðal annars vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans og stjórnisýsluúrskurðir sem og málflutningsskjöl á borð við greinargerðir geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita réttarheimildum og skýra lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með

fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einnig dóma Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017. Hefur nefndin lagt áherslu á það sjónarmið í mati sínu að horfa til færni umsækjenda til að nýta lögfræðilega þekkingu sína og starfsreynslu við úrlausn dómsmála. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvers og eins umsækjenda til að semja dóma. Hefur verið horft til þeirra framlaga sem fylgdu umsóknum þeirra og annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Vegna þess að starfsreynsla umsækjenda er ólík innbyrðis hefur dómnefnd þurft að beita mismunandi aðferðum í þessum hluta matsins en tekin voru til mats sex framlög umsækjenda. Við þennan hluta matsins var sjónum einkum beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir, við að greina álitaefnin sem um var að ræða og eftir atvikum að leysa úr þeim. Þegar borin er saman færni einstakra umsækjenda til að semja dóma var jafnframt litið til þess hversu fjölbreytt lögfræðileg úrlausnarefni þeir hafa fengist við, sér í lagi hin síðari ár, og hversu flókin úrlausnar þau hafa verið. Loks hefur sem fyrr segir verið höfð hliðsjón af öðrum skrifum umsækjenda um lögfræðileg efni.

Við samanburð milli umsækjenda er það niðurstaða nefndarinnar að allir umsækjendur búi yfir færni til að semja dómsúrlausnir í héraðsdómi. Við samanburð milli þeirra er það jafnframt niðurstaða nefndarinnar að *Særún María Gunnarsdóttir* hafi með framlögum sínum sýnt fram á að hún sé færust umsækjenda að semja dóma. Að mati dómnefndar sýna framlög hennar fram á góða færni hennar til að fjalla um lögfræðileg álitaefni með skipulegum hætti og á góðu máli. Úrlausnir þær sem hún hefur staðið að eru glöggar og studdar lögfræðilegum rökum. Til viðbótar lítur nefndin til starfsreynslu hennar við embætti umboðsmanns Alþingis frá árinu 2008 þar sem hún hefur síðustu ár gegnt starfi aðalskrifstofustjóra með þeirri ábyrgð sem því fylgir. Með framlögum *Særúnar Maríu* hefur hún sýnt fram á góða færni við greiningu og framsetningu lagalegra álitaefna og að hún geti tekist á við fjölbreytt

lögfræðileg álitaefni á ýmsum réttarsviðum. Stendur hún fremst umsækjenda að þessu leyti.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna þeim embættum héraðsdómara sem hér er fjallað um. Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín samkvæmt 4. gr. reglna nr. 970/2020. Þau hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Ef litið er til þeirra matsþátta sem fjallað er um í köflum 5.2. – 5.9. þar sem reynsla af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og stjórnsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi hver þáttur um sig og matsþættirnir allir virtir í heild er það niðurstaða dómnefndar að *Særún María Gunnarsdóttir, Valborg Steingrímsdóttir, Þorbjörg Inga Jónsdóttir og Þóra Hallgrímsdóttir* standi fremstar umsækjenda að þessu leyti og að ekki verði gert upp á milli þeirra í þessum þætti matsins. Er þá ekki aðeins litið til þess hve þau störf sem umsækjendur hafa sinnt eru fjölbreytt heldur ekki síður hve verkefnin sem þeir hafa fengist við í sama starfi eru margbreytileg. Þá er það jafnframt álit dómnefndar, eins og gerð er grein fyrir í kafla 6, að *Særún María Gunnarsdóttir* hafi með framlögum sínum sýnt mesta færni umsækjenda til að semja dóma.

Að virtum starfsferli þeirra og með skírskotun til alls þess sem áður greinir um hæfni til að semja dóma er það niðurstaðan af heildstæðu mati dómnefndar að *Særún María Gunnarsdóttir* standi öðrum umsækjendum framar við þetta mat. Að mati nefndarinnar hefur hún sýnt sjálfstæði, hlutlægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og að hún eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá býr hún einnig yfir góðri þekkingu á íslensku máli og er leikið að tjá sig í ræðu og riti. Samkvæmt umsóknargögnum, umsögnum og því sem fram kom í viðtölum hefur hún til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu á breiðum sviðum lögfræðinnar. Þá bera framlög hennar, þar á meðal ritsmíðar hennar, vott um færni til að greina og leysa skýrlega úr lögfræðilegum álitaefnum á ólíkum réttarsviðum.


Særín María Gunnarsdóttir lauk kandiðatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2004. Að loknu laganámi hóf hún störf sem lögfræðingur hjá Persónuvernd og starfaði þar til ársins 2008 þegar hún hóf störf sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis. Hún hefur starfað sem skrifstofustjóri hjá embættinu frá 2015 og verið aðalskrifstofustjóri frá árinu 2022. Hún hefur ritað fimm fræðigreinar á sviði lögfræði, tvær þeirra eru ritrýndar og önnur þeirra er rituð ásamt meðhöfundum. Hún hefur um árabil verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands og hefur að auki sinnt stundakennslu við stjórnmálafræðideild sama háskóla sem og við lagadeildir Háskólans við Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Einnig hefur hún kennt námskeið í stjórnsýslurétti á vegum stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála. Þá hefur hún komið að frumvarpsgerð og verið til ráðgjafar um löggjöf á málefnasviði umboðsmanns Alþingis og persónuverndar.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að *Særín María Gunnarsdóttir* séu hæfust umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. auglýsingu 12. janúar 2026.


Reykjavík 2. mars 2026


Ása Ólafsdóttir


Helga Melkorka Óttarsdóttir


Jóhannes Sigurðsson


Reimar Pétursson


Þorgeir Örlygsson